

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

Stjórnarskipti 2. júlí 2009

Starfsáætlun 2009 - 2010

Ágæti fráfarandi forseti Haraldur Þór Ólason, fráfarandi stjórn og kærur rótarýfélagar og gestir. Ég ætla að byrja á því að biðja nýja stjórn um að fá sér sæti við stjórnarborðið. Þetta eru þau:

Hjördís Guðbjörnsdóttir verðandi forseti,
Sigþór Jóhannesson, ritari,
Guðbjartur Einarsson, gjaldkeri,
Ingvar Geirsson stallari og
Haraldur Þór Ólason, fyrrverandi forseti, verður áfram við stjórnarborðið.

Áður en lengra er haldið er við hæfi að þakka fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér með því að fela mér forsetaembætti klúbbsins okkar komandi starfsár. Rotaryklúbbur Hafnarfjarðar er einn eldri og öflugri klúbbi í landinu og því vitum við að það er ætlast til þess að vel sé að verki staðið. Við í nýrri stjórn munum leggja okkur fram um að standa okkur þannig að svo verði áfram.

Fráfarandi stjórn vil ég þakka fyrir síðasta starfsár.

Fundarefni á starfsárinu hafa verið vel heppnuð og margt fróðlegt komið fram. Þar eiga hluta að máli margir félagar okkar. Eins hafa 3mín erindin verið fjölbreytt fróðleg og skemmtileg. Það er full ástæða til að vona að þið verðið jafn útsjónarsöm með að finna góða fyrirlesara með áhugaverð málefni á komandi starfsári.

Hvað er Rotary? Hreyfing fólks ú viðskipta- og atvinnulífi og opinberri þjónustu. Félagar eru 1,2 millj. í um 32 þúsund klúbbum. Rotary eru líka samtök sem standa fyrir mannúðar- og menningarstarfi, stuðla að sem bestu siðgæði í öllum starfsgreinum og hvetja til góðvildar og friðar í heiminum. Til marks um það er kjörorð alþjóðahreyfingarinnar „Þjónusta ofar eigin hag“ og svo fjórprófið sem við förum með í lok hvers fundar.

Hvenær ef ekki núna á þessum einkennilegu tímum sem við lifum í okkar samfélagi eiga hugsjónir eins og Rotary við. Kjörorðið „þjónusta ofar eigin hag“ fá víðtækari skírskotun þegar hugurinn leitar til þeirra sem orðið hafa fyrir miklum búsigjum og hafa engu um það ráðið. Hugsjónin „þjónusta ofar eigin hag“ vísar til allra, heima og heiman sem þurfa á styrk og hvatningu að halda, hvort heldur í beinni aðstoð eða stuðningi sem einungis einlægni og vinátta getur veitt.

Við skulum muna að við erum í Rotary sjálfviljug, það kostar peninga að vera í klúbbum og tekur tíma. Í Rotary hittir maður skemmtilegt og félagssinnað fólk, hlustar á góð og fróðleg erindi, kynnist ýmsu nýju og veit að maður tilheyrir félagsskap sem gerir gagn. Það er líka mikilvægt að við gerum starfið skemmtilegt, þessi atriði eiga að leiða til þess að okkur þyki það vera þess virði að leggja það á okkur að mæta. Skemmtilegt og fræðandi!

Mig langar líka til að minna á að svokallaðar fjórar þjónustuleiðir Rotary, sem marka hugsjónarlega og verklega umgjörð starfs í klúbbum.

1. Fyrsta þjónustuleiðin. Klúbbþjónustan, og tekur til þeirra verka sem félagi innir af hendi til þess að klúbbstarfið verði sem árangursríkast.

2. Önnur þjónustuleiðin. Starfsgreinaþjónusta, hefur markmiðið að stuðla að ríku siðgæði í viðskiptum og störfum og viðurkenningu á gildi allra nýtsamra starfa, og rækt við þjónustuhugsjónina í öllum athöfnum. Hlutverk félaga er að breyta í anda Rotarý bæði í einkalífi og starfi.
3. Þriðja þjónustuleiðin. Samfélagsþjónusta, vísar til þess sem félagar leggja af mörkum, stundum í samstarfi við aðra, til að auka lífsgæði þeirra er eiga heima á klúbbsvæðinu eða í sveitafélaginu.
4. Fjórtða þjónustuleiðin, Alþjóðleg þjónusta, nær til þeirra verkefna sem félagar vinna að til að efla skilning milli þjóða, góðvild og frið með því að auka kynni við fólk frá öðrum löndum, menningu þess, siðvenjur, árangur, væntingar og vanda með lestri og tjáskiptum og með þátttöku í starfi og verkefnum klúbbsins, sem ætluð eru til að liðsinna íbúum í öðrum löndum.

Ég tel að við þurfum að einbeita okkur að fyrstu þjónustuleiðunum, þ.e. klúbbsþjónustu, starfsgreinaþjónustu og samfélagsþjónustu, skoða mál sem kunna að vera mikilvæg í því sambandi út frá þjóðfélagsástandinu, atvinnuleysi, þunglyndi, samskipti og ekki síst samskiptaleyfi. Það má mælast til þess að þegar leitað er eftir efni á fundi að þetta sé haft í huga. Varðandi verkefni vetrarins þá langar mig til að skoða málefni sérstaklega er snúa að nærumhverfi okkar. Það eru verkefni í okkar umhverfi s.s. að stuðla að útgáfu korts með gönguleiðum í nágrenni við Hafnarfjörð, koma upp útsýnisskífu á Helgafelli eða annað sem eru sýnileg verkerni í nærumhverfi okkar og falla að þriðju þjónustuleiðinni. Ég vil minna á að það var okkar klúbbur sem kom upp skífu á Ásfjalli árið 1987. Ég vænti þess að við fáum tækifæri til að fjalla nánar um slík verkerni á klúbbsfundum og á klúbbsþinginu í haust. Varðandi klúbbsþingið þá vil ég líka vekja athygli á að Bjarni Þórðarson benti mér á að aðalnefndir sérhvers klúbbs eiga að vera í samræmi við þjónustuleiðirnar og munum við skoða hvort við bjóðum ekki upp á umræðu um það á klúbbsþingi í haust.

Umdæmisþingið og formót eða forsetamót

Þann 14. mars var haldið svo kallað PETS (mót eða formót fyrir verðandi forseta og ritara. Umdæmisþingið var haldið laugardaginn 6. Júní og formót þann 5. júní síðastliðinn. Þessi þing eru mikilvæg til að kynna hlutverk og starf Rotarý hér heima og ekki síður starf alþjóðahreyfingarinnar. Þessi þing reyndust vera vel heppnuð, bæði skemmtilegt og lærdómsríkt.

Fráfarandi umdæmisstjóri Ellen Ingvadóttir fór yfir starf síðasta starfsárs og var sáttur með árangurinn.

Sveinn Skúlason nýr umdæmisstjóri lagði okkur línurnar með komandi starfsár, en helstu áhersluatriði hans eru að:

- fjölga klúbbum um a.m.k. einn,
- fjölga félögum í 1300,
- fá alla klúbba á landinu til að styðja Rotarýsjóðinn,
- ná markmiði um \$100 meðalframlag til Rotarýsjóðsins á félagu umdæmisins,
- samfélagsleg og alþjóðleg verkefni umdæmisins verði meira áberandi.

Alþjóðaforseti Rotarý 2009 til 2010 er John Kenny frá Skotlandi. Einkunnarorð forseta Rotary International eru: „The future of Rotary is in your hands“ eða „Framtíð Rótarý er í þínum höndum“.

Helstu áherslur John Kenny (99. Alþjóðaforseti) eru:

- Baráttan gegn lómunarveiki
- Bæta við einum félagi í hverjum klúbbi (nettóaukning) og stefna

að fjölgun um einn klúbb í umdæmi

-Auka sýnileika og styrkja ímynd Rotarý

-Leggja áherslu á leiðtogafræðslu og með því tryggja framtíð Rotarý

-Auka getu Rotarý til að veita þjónustu, -innanlands sem utan

-Sjá til þess að Rotarý sé leiðandi í samfélagsverkefnum í sínu nærumhverfi.

Mætingar

Umdæmisstjóri Sveinn Skúlason lagði áherslu á góðar mætingar á komandi starfsári.

Reglurnar kveða á um að fundarsókn sé 50% en að sjálfsögðu vonumst við til að starfið verði það skemmtilegt og fræðandi að félagar mæti betur en það. Ef vegna vinnu eða annarra ástæðna félagar sjá fram á að geta ekki sótt fundi er óskað eftir að þeir láti stjórnina vita. Hægt er eins og þið vitið að ná sér í mætingu eða mætingarígildi með því að mæta í öðrum Rótarýklúbbum eða sækja fundi hjá nefndum eða atburðum sem stjórn klúbbsins eða rótarýumdæmið hefur komið á.

Jóhannes Einarsson mun áfram vera umsjónarmaður með fundarsókn.

Handbókin okkar fyrir komandi starfsár er því miður ekki tilbúin og er til dreifingar í dag.

Hún er til í endanlegu handriti og er með hefðbundnu sniði lítil, einföld en innihaldsrík. Minnt er á að í bókinni eru upplýsingar um kennitölu og bankareikning klúbbsins til að auðvelda félögum greiðslu félagsgjalda.

Rotarýsjóðurinn (Rotary Foundation)

Eins og ykkur er kunnugt um þá hefur klúbburinn okkar vakið athygli á umdæmisþingum vegna myndalegra framlaga til Rótarýsjóðsins undanfarin ár. Rotarýsjóðurinn hefur verið kallaður flaggskip hreyfingarinnar, en sem dæmi má nefna að hann hefur lagt um 600 milljónir bandaríkjadala til Pólío Plús verkefnisins sem miðar að því að útrýma lömunarveiki. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að framlag okkar mælt í dollurum lækki allnokkuð, en það kemur vonandi ekki á óvart. Mikilvægt er að við höldum áfram að greiða eins og kostur er, hvort sem við náum því marki sem sett er, þ.e. 100 USD eða ekki. Vonandi reynist Grísinn hjálplegur við söfnunina og rétt er að minna á að hægt er að tæma vasana í grísinn við komu á fundi.

Ég vil nefna hér að Rotarý sjóðurinn veitir svokallaða námsstyrki til meistaranáms í friðarmálum (Rotary World Peace Fellowships), en það er eitt nýrra verkefna sjóðsins.

Þessum styrkjum hefur verið úthlutað átta sinnum og hefur vakið sérstaka athygli að íslensku umsækjendurnir hafa í öll átta skiptin hlotið styrk. Það er einungis heimilt að senda inn eina umsókna frá hverju umdæmi og það er stúlka héðan úr Hafnarfirði sem heitir Erla Sigurlaug Sigurðardóttir, sem boðið hefur verið að sækja um styrk 2010. Ég hef þegar skrifað uppá að klúbburinn okkar styður umsóknina.

Þeir félagar sem óska eftir að kaupa fána klúbbsins eða rótarýbarmmerki geta keypt það hjá stallara og greiða kr. 500 fyrir hvort. Andvirðið rennur síðan í grísinn.

Við gerum ráð fyrir að framlag klúbbsins til Rotarýsjóðsins í tilefni af stórafmælum félaga verði \$50 UDS, sem kemur í stað blómvandar.

Heimasíður

Eins og kunnugt er þá hefur verið lögð mikil vinna á undanförunum tveimur árum í gerð nýrrar heimasíðu umdæmisins, en Guðni Gíslason hefur lagt þar gjörva hönd á plóg. Markmið með nýrri heimasíðu er að tryggja betra og öruggara utanumhald allra upplýsinga umdæmisins, sem og að vera verkfæri fyrir embættismenn klúbba í störfum þeirra. Heimasíðunni er jafnframt ætlað að vera aðgengileg upplýsingaveita þeirra sem óska að kynna sér Rotarýhreyfinguna og starfsemi hennar.

Ný stjórn vonast til að geta nýtt sér heimasíðuna í starfi sínu. Það er hinsvegar ljóst að það tekur nokkurn tíma að finna út úr því hvernig við stöndum að starfinu. Í byrjun þessa árs þá lagði Kristján Stefánsson fram erindi (22. Janúar 2009) varðandi vefsíður klúbbsins og umdæmisins. Kristján leggur til að stofnaðar verði vefsíðunefnd og ritnefnd til að annast vinnu við endurnýjun og viðhald versíðu okkar, vinnu við aðlögun og uppsetningu á efni sem búið er að setja þar inn eða á eftir að setja þar inn.

Ætlast er til að heimasíðan haldi utanum mætingar fundargerðir, félagatalið og þ.h. Ný stjórn vill skoða þessi mál betur og láta reyna á nokkra þætti áður en tekin er ákvörðun um fyrirkomulag. Það er mikilvægt að koma málum þannig fyrir að vinna fyrir ritara verði sem þægilegust og að hægt verði að skrá inn sem flesta hluti jafnóðum inn á heimsíðuna. Stjórnin vill skoða þessi mál nánar áður en tekin er ákvörðun um fyrirkomulag. Það kann vel að vera að við förum að tillögu Kristjáns.

Ég vil sérstaklega benda ykkur á heimasíðu klúbbsins okkar en þar er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar og ljósmyndir úr starfinu. Guðni er ritstóri heimasíðu og sér þar með um heimasíðuna okkar eins og undanfarin ár. Ég vil hvetja ykkur til að koma upplýsingum og ljósmyndum, sem æskilegt er að fari inn á heimasíðuna til Guðna, sem allra fyrst eftir að atburður hefur átti sér stað eða þá kynningu á komandi atburði eða verkefni. Þá fyrst kemur heimasíðan að góðum notum.

Heiðursfélagar

Venjan er að ný stjórn tilkynni á fyrsta fundi starfsársins val hennar á heiðursfélögum komandi starfsárs. Stjórnin hefur samþykkt að Pétur Þorbjörnsson og Níels Árnason verði heiðursfélagar Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2009-2010 eins og verið hefur undanfarin ár, en til viðbótar bætist við Sigurbjörn Kristinsson.

Klúbbfundir

Klúbbfundir verða með sama sniði og áður. Við verðum áfram með 3ja mín erindi, sem hefur reynst gæfuspor og eykur á fjölbreytni starfsins og gefur kost á að kynnast hugarheimi félaga. Við bjóðum hinsvegar líka upp á að félagar lesi ljóð, en gerum þá kröfu um að þau séu vel flutt og helst lagt út af þeim með einhverjum hætti.

En munið eftir því að það er á ykkar ábyrgð að fá annan í staðinn ef þið forfallist.

Klúbbþing

Stefnt er að því að halda klúbbþing 10 september, sem kvöldfund að venju.

Ég tel mikilvægt að halda klúbbþing snemma á starfsárinu svo við getum mótað starfið framundan í byrjun starfsárs. Einnig verður fljótlega eftir sumarfrí haldinn fundur með formönnum nefnda.

Félagsgjald

Félagsgjald verður það sama og á síðasta starfsári eða kr. 30.000 (2 x 15.000). Þrátt fyrir hækkun á umdæmisgjöldum og hækkun á gengi dollars þá kemur á móti að klúbburinn er ekki með skiptinema þetta ár þannig að við gerum ráð fyrir að reksturinn gangi upp eins og Guðbjartur Einarsson, gjaldkeri mun gera grein fyrir hér á eftir, þegar hann leggur fram fjárhagsáætlun nýhafins starfsárs.

Ekkert liggur fyrir um breytingar á matarverði eða því fyrirkomulagi sem hér er varðandi mat. Mikilánægja er með aðstöðuna sem klúbburinn hefur hér til fundarhalds.

Nefndir

Fyrirkomulag nefnda er að miklu leyti hefðbundið. Leitast hefur verið við að velja reyndari félagar sem formenn nefnda. Sögunefnd mun halda áfram að starfa næsta starfsár, nefndinni er ætlað að taka saman síðustu 10 ár í sögu klúbbsins

Nýir félagar

Í upphafi starfsárs eru 75 félagar í klúbbum og þar af tveir heiðursfélagar, 68 karlar og 8 konur. Meðalaldur félaga er tiltölulega hár og er ástæða fyrir okkur leitast við að fá inn félagar sem yngja meðalaldurinn.

Nauðsynlegt er að huga að nýjum félögum. Æskilegt er að fjölga félögum og teljum við að fjölga ætti um að minnsta kosti tvo og að minnsta kosti verði ein kona. Góðir félagar þið eruð hér með hvattir til hafa augun opin fyrir efnilegum kandídötum og koma tilnefningum til forseta.

Ný stjórn mun halda því áfram að með hverjum nýjum félaga verði skipaður: ábyrgðarmaður, sem mun leiða og leiðbeina viðkomandi fyrsta árið. Félagar eru hvattir til að taka jákvætt í þetta, þegar til þeirra verður leitað.

Lokaorð

Góðir rótarýfélagar. Stjórnin er einhuga í, að reyna að gera komandi starfsár fræðandi og skemmtilegt, eins og þau hafa verið undanfarin ár. Nauðsynlegt er að allir félagar séu virkir í klúbbstarfinu og leggi sitt af mörkum. Þar með er tryggt að góður árangur náist.

Að lokum vil ég biðja ykkur um að hafa einkunnarorð alþjóðaforsetans í huga og „**Framtíð Rotary er í þínum höndum**“.

Fjárhagsáætlun

Gjaldkeri mun nú gera grein fyrir fjárhagsáætlun starfsársins.

Hallgrímur Jónasson,
forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2009-2010